sirka 60 þus á haus erum 10 öll feðin nema uppihald	-
bila leigu bill inni verði 60þus	-
Samtals	600.000

Upphæð sem sótt er um: 600000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	600000
við sjálf	-
-	-

Samtals
600.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
-	-
nei	-
-	-
Samtals	0

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg nei ekki enn

áður synjað verkefni
umsækjanda?

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði ? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna?

aldrei

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram

nei

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-09-27-0062
Nafn umsækjanda	Gróður fyrir fólk,áhugasamtök
Kennitala	5004972979
Heimilisfang	Laugavegi 13
Netfang	gff@gff.is
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	511 1930
Símanúmer 2	861 9639
Nafn ábyrgðarmanns	Gróður Fyrir Fólk,áhugasamtök
Kennitala ábyrgðarmanns	5004972979
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Hamrahlíð 3
Póstnúmer ábyrgðaraðila	105
Netfang ábyrgðaraðila	bjorngj@simnet.is
Símanúmer ábyrgðaraðila	861 9639
Hlutverk ábyrgðaraðila	CEO
Banki	0301
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	201997

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Starfsemi GFF árið 2017

Verkefnið í hnotskurn

Nýting lífrænna úrgangsefna til uppgræðslu í Landnámi Ingólfs ásamt með LAND-NÁMi (L-N), verkefni sérsniðnu að skólanemendum um endurheimt birkiskóga suðvesturhornins.

Verkefnislýsing

GFF mun halda áfram starfi að uppgræðslu örfoka lands í Landnámi Ingólfs á árinu 2017 og notast við þær aðferðir sem samtökin voru upphaflega stofnuð til að ástunda. Þær eru einfaldlega að nota lífræn úrgangsefn í þágu gróðurrríkisins með öllum þeim ávinningi sem því fylgir. Um starf GFF á yfirstandandi ári sem og fyrri árum, má sjá allnokkra umfjöllun í máli og myndum á vefsíðu samtakanna, www.gff.is. Helstu viðfangsefni á árinu 2017 verða: ¿ Að klára uppgræðslu gamallar malarnámu í Sandfellsklöfa, vestan í Sveifluhálsi sem er innan Reykjanesfólkvangs. (Um stöðu verks sjá vefsíðu undir Verkefni/Sandfellsklöfi.) ¿ Skólustarf með grunn- og framhaldsskólum vor og haust. S.l. vor tóku 15 skólar þátt í LAND-NÁMi, verkefni er lýtur að enduheimt birkiskóga suðvesturhornins með skólaæskunni og samþættingu við nám í skólastofunni. (Sjá vefsíðu undir Samstarf við skóla.) ¿ Áframhald á uppgræðslu austan í Sveifluhálsi. (Sjá vefsíðu undir Framvinda/Sveifluháls.) ¿ Starf á vistvangi höfuðborgarsvæðisins, sem hófst vorið 2016 og verður framhaldið á ókomnum árum. (Sjá á vefsíðu undir Vistvangur.) Samtökin GFF vinna stolt í anda ákalls heimsráðstefnu SP frá 1992 í Ríó, ¿Think globally, act locally.¿

Sótt er um verkefni á sviði Annað

Markmið

GFF vinnur jafnt að staðbundnum sem hnattrænum markmiðum um heftingu uppblásturs, vernd jarðvegs, uppgræðslu lands, bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu, að framkalla vistvænt umhverfi til útivistar og lágmörkun úrgangs til förgunar. Þá er ótalið markmiðið um að efla skilning skólaæskunnar á gangverki náttúrunnar. Öll þessi markmið hafa mikið samfélagslegt gildi.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Bæði kynin jafnt

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Engin yfirlýst stefna af því tagi. Í stjórn GFF sitja 5 konur og 4 karlmenn. Samstarfsaðilar í skólaverkefnum eru mikið til konur, einfaldlega vegna þess hve stór hluti kennarastéttarinnar er kvenkyns.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Engin mismunun á sér stað í starfi GFF. Í samstarfi við skólana koma nemendur við sögu algjörlega óháð þeim þáttum sem taldir eru upp í mannréttindastefnu Rvk. Mörg dæmi eru um að fatlaðir nemendur, í sumum tilvikum í hjólastól, hafi tekið þátt í leiðöngurum GFF út í mörkina.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Starf GFF að uppgræðslu lýtur að því vinna bug á því sem oft er kallað alvarlegasta og elsta umhverfisvandamál Íslands. Að glata gróðurþekju og jarðvegi í stórum stíl og láta gott heita er ekki góð latína í dag þegar mannkyn er risastórt, fer fjölgandi og tvisýnt er um framfærslugetu Jarðar. Aldrei hefur í raun verið brýnna en í dag að taka til hendinni við að græða upp land, auka þannig kolefnisbindingu og vinna með öðrum jarðarbúum að því að draga úr hlýnun Jarðar. GFF hefur tekið ákalli Rio ráðstefnunnar 1992, "Think Globally - Act Locally". Með því að nota úrgangsefni í þessa þágu er sömuleiðis unnið að lausn annarra umhverfisvandamála, sem lúta að upphleðslu úrgangs. Í L-N þætti GFF er þess freistað að kynna skólaæskunni þessi mál með nærfærnislegum hætti. Nemendur geta þar fundið sig sem gerendur í lausn mála. Síðast en ekki síst er í L-N freistað þess að tvinnna saman fræði og framkvæmd svo verða megi til að kveikja með nemendum áhuga á viðfangsefnum sínum.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Sótt er um til að aðstoða og gera GFF kleift að fjármagna starfið á árinu 2017. Helstu tímasetningar eru: Janúar - júní: Hrossataði komið á þá staði þar sem það skal notað. Hér þarf oft að fá aðstoð ýmissa aðila vegna ófærðar. Það gerist að það er losað á öðrum árstímum einnig t.d. á haustin. Apríl - byrjun júní: Leiðangrar með nemendur samstarfsskóla í feltið til að planta trjám og vinna við aðra uppgræðslu, t.d. dreifa hrossataði, grasfræi og öðrum uppgræðslumeðölum. Júní - ágúst: Unnið með erlendum sjálfbóðaliðum, verktökum og öðrum þeim sem koma að því að hreyfa við lífrænum úrgangsefnum í stórum stíl, á vistvangi sem og á öðrum uppgræðslustöðum. Ágúst - sept: Farið með 5.bekkinga eða 9.bekkinga samstarfsskólanna í feltið til að vakta árangur af aðgerðum vorið áður eða frá því fyrir 4 og hálfu ári áður. Vetur: GFF haldið á floti með fjáröflun, undirbúningi og skilgreiningu verkefna.

Verkþættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Laun og launatengd gjöld	9000000
Rekstur skrifstofu og húsnæðis	2150000
Verkefnabundinn kostnaður	2500000

Samtals 13.650.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur Upphæð

Fjárframlög	14000000
Félagsgjöld	450000
-	-
Samtals	14.450.000

Upphæð sem sótt er um: 4000000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	4000000
Önnur sveitarfélög í Landnámi Ingólfs	3100000
Umhverfisráðuneytið, til rekstrar og einstakra verkefna	4700000
Styrktarsjóðir ýmisskonar	2000000
Fyrirtæki, stofnanir o.fl.	1150000

Samtals
14.950.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Umhverfisráðuneyti	6000000
Sveitarfélög í Landnámi Ingólfs	3500000
Styrktarsjóðir	3000000
Fyrirtæki, stofnanir o.fl.	2000000

Samtals 14.500.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg áður sýnt frammi verkefni umsækjanda? Einhvern tíma já, fyrir mörgum árum síðan.

Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?

GFF hefur alla jafna fengið styrk úr borgarsjóði. Undantekning þar á var árið 2014, sem að því er virðist helgaðist af misskilningi. Árið 2011 var gerður samningur milli Rvk borgar og GFF til þriggja ára. Framlag borgarinnar til GFF var þar 2.5 milljónir árlega. Styrkur borgarinnar árið 2015 var 3 milljónir, árið 2016 fékk GFF 3 milljónir frá Reykjavíkurborg.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Á þessari stundu veit enginn hvað kemur í hlut GFF fyrir næsta ár. Tölurnar um tekjur og gjöld eru þ.a.l. áætlanir og taka mið af fjármögnun fyrri ára, sjá Ársreikning GFF 2015 á vefsíðunni www.gff.is. Þeir grunnskólar borgarinnar sem starfa með GFF í L-N eru: 1. Hlíðaskóli 2. Háaleitisskóli (Álftamýrarskóli + Hvassaleitisskóli) 3. Breiðholtsskóli 4. Árbæjarskóli 5. Ártúnsskóli 6. Selásskóli 7. Landakotsskóli 8. Hólabrekkuskóli 9. Norðlingaskóli Hugsanlegt er að fleiri skólar úr Rvk bætist við í þennan hóp fyrir vorið 2017. Aðrir skólar sem taka þátt í L-N eru: Grunnskóli Seltjarnarness, Akurskóli í Rnb, Grunnskóli Grindavíkur, Gerðaskóli í Garði og Grunnskóli Sandgerðis. Loks er einn framhaldsskóli, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-09-03-0026
Nafn umsækjanda	Sigrún Viðarsdóttir
Kennitala	1305602619
Heimilisfang	Dalalandi 1
Netfang	stuvxzy@hotmail.com
Póstnúmer	108
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	8641973
Símanúmer 2	-
Nafn ábyrgðarmanns	Evolvia ehf
Kennitala ábyrgðarmanns	520908-1880
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Klapparstíg 25
Póstnúmer ábyrgðaraðila	101
Netfang ábyrgðaraðila	-
Símanúmer ábyrgðaraðila	-
Hlutverk ábyrgðaraðila	Yfirumsjón og kennsla
Banki	0338
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	301313

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Markþjálfun

Verkefnið í hnotskurn

Markþjálfun (coaching) er aðferðafræði sem miðar að því að hjálpa einstaklingum við að finna sín markmið og upplifa þau.

Verkefnislýsing

Evolvia ehf var stofnað í september 2008. Stofnandi er Matilda Gregersdotter. Markmið Evolvía er að auka meðvitund og hæfni til forystu, bæði hér innanlands sem erlendis. Evolvía þjálfar með aðferð markþjálfara og öðrum aðferðum sem stuðla að umbreytingu. Evolvía heldur ýmis námskeið á Íslandi sem og á alþjóða vettvangi á netinu. Markþjálfun getur hjálpað einstaklingi að ná betri árangri í lífi og starfi, getur bætt samskipti, hvort sem er í vinnu eða einkalífi og aðstoðað einstaklinga við að ná markmiðum sínum og aukinni lífshamingju. Kennsludagur Þjálfunin miðar við grunngildi ICF um hæfni sem markþjálfari. Þjálfun í hverri hæfni byrjar með æfingu sem er grundvölluð á upplifun og fylgt eftir af stuttum fræðilegum þætti. Fræðilega hlutanum og hópæfingunni er lokið með að þú sjálf(ur) veitir öðrum markþjálfun til að æfa hæfnina. Milli kennsluhluta Milli kennsluhluta færð þú heimaverkefni og er ætlast er til að þú finnr sjálf(ur) þína æfinga-viðskiptavini sem þú veitir markþjálfun til að æfa hæfni þína. Einnig er þér úthlutað félagi úr hópi nemenda til að æfa með. Mentor-markþjálfun Meðan á þjálfuninni stendur verður þér úthlutað persónulegum markþjálfara sem þú notar fyrir þína eigin persónulegu þróun í markþjálfun. Samtals færð þú 3 skipti mentor-markþjálfun með þínum eigin persónulega markþjálfara.

Sótt er um verkefni á Annað sviði

Markmið

Ég er með menntun sem sjúkraliði, stúdent og lyfjatæknir og vann við það í tæp 30 ár áður en ég fór á örorkuna. Er ekki fær um sinna þessu störfum í dag en vil auðvitað að hafa eitthvað fyrir stafni og auka tekjur mínar. Námið sem mig langar til að læra og vinna við heitir Markþjálfun (ACC vottun) og tekur 2 annir, að læra bóklega og verklega þáttinn. Það er mín trú að iðjuleysi til lengri tíma sé ekki gott fyrir sál og líkama en nú fæ ég tækifæri í dag og til lengri tíma að finna tilgang með lífinu og tilveru minni.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Bæði kynin jafnt

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já það er virk jafnréttisstefna en mismunandi leiðir fundnar, sem varðar verkefni og kyn. Ólík áhrif eða upplifun getur orðið ef um annað hvort kyn sé um að ræða eða ólíkur uppruni eða félagsleg staða einstaklings.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Að mér verði ekki mismunað vegna veikinda minna og að ég hafi möguleika á að auka tekjur mínar. Að ég geti látið gott af mér leiða til þeirra sem þurfa á því að halda.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Í hraða þjóðfélags sem gerir sífellt meiri og meiri kröfur til fjölskyldna þá vill oft verða svo að álagið verður einstaklingnum/fjölskyldum ofviða. Í kjölfarið er gott að geta leitað í ráðgjöf og stuðning og fundið leið úr ógöngum eða betra lífs.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Námið hefst fimmtudaginn 8. September 2016 kl. 8:30 og kennslan verður í Gerðuberg Menningarhús. KENNSLUDAGAR: 8. og 9. september fimmtudagur og föstudagur 6. og 7. október fimmtudagur og föstudagur 3. og 4. nóvember fimmtudagur og föstudagur 1. og 2. desember fimmtudagur og föstudagur. MENTOR MARKÞJÁLFUN: Innifalið eru 3 skipti einstaklings mentor-markþjálfun og 7 skipti mentor-markþjálfun í hópi sem unnin er í netumhverfi undir haust 2016. Evolvía Markþjálfá þjálfun er framsækin markþjálfá þjálfun sem hefur það markmiði að þú getir, innan árs, fengið vottun frá International Coach Federation, sem Associated Certified Coach (ACC). Innihaldið í menntuninni er byggt á viðmiðum ICF um markþjálfunar hæfni. Þjálfunin veitir viðurkenningu, hæfnisþjálfun og þær 60 kennslustundir sem þú þarft til að ljúka við fræðilega hlutann vegna vottunar. Til að verða vottaður markþjálfari þarft þú einnig verklega reynslu ásamt því að ljúka munnlegu prófi hjá ICF. Allar frekari upplýsingar eru veittar meðan á þjálfun stendur.

Verkbættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Reikningar	246400
-	-
Samtals	246.400

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
Tryggingastofnun	172000
Lífeyrissjóðir	165000
-	-
Samtals	337.000

Upphæð sem sótt er um: 483000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Samtals

0

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Öryrkjabandalag Íslands	241500
Mæðrastyrksnefnd	241500
-	-

Samtals 483.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? Nei hef aldrei sótt um áður

Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna? Nei aldrei

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Það væri mér mjög mikils virði að fá styrk úr námssjóði Reykjavíkurborgar því námið og framhaldið af því myndi gefa mér möguleika á að starfa við Markþjáfun þar sem ekki reynir mjög á mig líkamlega (get setið við það ekki mikil tölvunotkun) og fengi útrás fyrir að hjálpa öðrum og aukið tekjur mínar

Undirbúningur og lokagreiðsla - Markþjálfun Haust 2016

SG

Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir



Reply

Thu 8/4, 11:06 AM

You

Markþjálfun

Kæri markþjálfanemi!

Þá hefjumst handa við undirbúning á Markþjálfanáminu þínu haust 2016.

Framundan verður spennandi ár hjá þér með fullt af lærdómi og miklum vexti!

Til hamingju með að ákveða að vera með okkur að læra!

Hér koma mikilvægar upplýsingar:

a) Námið hefst fimmtudaginn 8. September 2016 kl. 8:30 og kennslan verður í Gerðuberg Menningarhús.

Sjá allar dagsetningarnar sem framundan eru og en frekari upplýsingar á pdf-skjali í viðhenginu.

b) Greiðsluplan fyrir allt námið gerist mánuð áður en námið hefst (síðastalagi 8.ágúst) og hér koma okkar tillögur að greiðslufyrirkomulagi:

1. Ef greitt er fyrir mánudaginn 8.ágúst er veittur 5% staðgreiðsluafsláttur

$483.000 \times 0,05 = 24.150$ kr

$483.000 - 24.150 - 50.000 =$ Lokagreiðsla **408.850 kr**

Fyrir millifærslu: Bankaupplýsingar Evolvía ehf, kt: 520908-1880, 526-26-20908

2. Skipta heildarupphæðinni í 4 afborganir

$483.000 - 50.000 = 433.000$ kr

$433.000/4 = 108.250$ kr

- 8. Ágúst millifærir þú inná Evolvía ehf 108.250 kr

- 1. September 108.250 kr greiðsluseðill sent í netbanka

- 1. Október 108.250 kr greiðsluseðill sent í netbanka
- 1. Nóvember 108.250 kr greiðsluseðill sent í netbanka

3. Skipta niðri 4 greiðslur einsog þér hentar og restin síðan sett á greiðslukortasamning
483.000 – 50.000 = 433.000 kr

- 8. Ágúst millifærir þú valfrjálsa upphæð inná Evolvía ehf
 - 1. September greiðsluseðill sent í netbanka – valfrjáls upphæð
 - 1. Október greiðsluseðill sent í netbanka - valfrjáls upphæð
 - 1. Nóvember greiðsluseðill sent í netbanka - valfrjáls upphæð
- Eftirstöðvar settar á greiðslukortasamning, þú velur fjölda afborgana (allt að 36 mán.).

Vinsamlegast hafðu samband við Ástu til að skipuleggja greiðsluplanið þitt. Þú getur sent póst og látið vita hvaða leið þú velur á

asta@evolvia.is fyrir 8.Ágúst. Einnig getur þú haft samband í gegnum síma í 866-8450

c) Að lokum í bili þá er besti undirbúningurinn fyrir Markþjálfanámið - að taka alla kennsludagana alveg frá - jafnvel ekki skipuleggja mikið á kvöldin dagana sem við lærum saman - heldur gefa rými og pláss fyrir að melta nýjan lærdóm.

Við hlökkum til að læra saman með þér 2016 -2017.

Matilda & Evolvía teymið

4 aug. 2016 kl. 10:20 skrev Evolvía ehf [<evolvia@evolvia.is>](mailto:evolvia@evolvia.is):

Ný kursdeltagare anmáld till kursen Skráningagjald - Markþjálfanámi haust 2016:

First Name: Sigrún
Last Name: Viðarsdóttir
E-mail: stuvxzy@hotmail.com
Payed: 50000.00
Fields:
Kyn: Kona
Aldur: 56
Farsímanúmer: 8641973
Önnur skilaboð til Evolvía:

Discounts:

--

Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir
ACC Markþjálfari
www.evolvia.is
s:866-8450

Evolvia ehf.
Kt. 520908-1880
Klappastíg 25 – 27
101 Reykjavík

Garðabæ 12. ágúst 2016

Hér með staðfestist að Sigrún Viðarsdóttir, kt.: 130560-2619
til heimilis að Dalalandi 1, 108 Reykjavík,
er skáð í Markþjálfanám haustið 2016 og hefur greitt námið að fullu
að upphæð 458.850 kr.

Virðingarfyllt,
Svanhildur Pétursdóttir
Viðurkenndur bókari hjá
Evolvia ehf.

Staðfest með undirritun
Svanhildur Pétursdóttir
160365 - 5019

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-09-21-0081
Nafn umsækjanda	Borgarkórinn
Kennitala	5604091760
Heimilisfang	Borgartúni 12-14
Netfang	borgarkorinn@reykjavik.is
Póstnúmer	105
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	8968012
Símanúmer 2	-
Nafn ábyrgðarmanns	Hallgrímur Eymundsson
Kennitala ábyrgðarmanns	1905784459
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Sléttuvegur 7
Póstnúmer ábyrgðaraðila	103
Netfang ábyrgðaraðila	hallgrimur.eymundsson@reykjavik.is
Símanúmer ábyrgðaraðila	8968012
Hlutverk ábyrgðaraðila	Formaður Borgarkórsins
Banki	0313
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	560409

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis	Borgarkórinn
Verkefnið í hnotskurn	Borgarkórinn er kór borgarstarfsmanna sem æfir einu sinni í viku og kemur fram við ýmis tækifæri.

Verkefnislýsing

Kórinn æfir vikulega frá september og fram í maí. Æfð eru íslensk og erlend lög auk jólalaga fyrir jólin og flutt við ýmis tækifæri. Ennfremur er kórinn tilbúinn með stutt lagaprógram og er tilbúinn að koma fram fyrir hönd borgarinnar td. á fundum og ráðstefnum sem borgin stendur fyrir.

Sótt er um verkefni á sviði Menningarmála

Markmið

Markmiðið er að gefa borgarstarfsmönnum kost á að hittast í frítíma sínum og vinna saman að skemmtilegum verkefnum.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Fleiri konur en karlar

Hverjir munu vinna að verkefninu? Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef Já, við reynum stöðugt að fá fleiri karla í kórinn.

félag, fyrirtæki eða stofnun)

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Vel. Hvatt er til þátttöku karla til að jafna kynjahlutfall. Breiður aldurshópur. Unnið er að því að gera fólki með fötlun kleift að taka virkan þátt í kórstarfinu.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Borgarstarfsmenn vinna margir hverjir undir miklu álagi fyrir lág laun og hafa þörf fyrir að slaka á og afstressa sig í frítíma sínum. Söngur er kjörinn til þess. Léttir lund og bætur geð, eins og auglýst var fyrir alla borgarstarfsmenn.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Æfingar hófust um miðjan september og standa út maí. Æft er vikulega á þriðjudögum kl. 17-19. Á haustönn er langur laugardagur og á vorönn eru æfingabúðir fyrir utan bæinn yfir helgi.

Verkbættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Laun kórstjóra	1080000
Kostnaður vegna útsetninga	120000
-	-
Samtals	1.200.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
Æfingagjöld kórfélaga	850000
-	-
-	-
Samtals	850.000

Upphæð sem sótt er um: 1080000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	1080000
-	-
-	-
Samtals	1.080.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
-	-

-	-
-	-

Samtals 0

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg
áður sýnað verkefni
umsækjanda? Nei.

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði ? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna? Borgarsjóður hefur styrkt kórinn nokkur sl. ár, á síðasta ári var styrkurinn kr. 750.000

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram -

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer	P-2016-10-03-0077
Nafn umsækjanda	Snorrasjóður, sjálfseignastofnun
Kennitala	5710024260
Heimilisfang	Óðinsgötu 7
Netfang	info@snorri.is
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Símanúmer 1	5510165
Símanúmer 2	895 5055
Nafn ábyrgðarmanns	Ásta Sól Kristjánsdóttir
Kennitala ábyrgðarmanns	2606754789
Heimilisfang ábyrgðaraðila	Grettisgata 27
Póstnúmer ábyrgðaraðila	101
Netfang ábyrgðaraðila	astasol@snorri.is
Símanúmer ábyrgðaraðila	8955055
Hlutverk ábyrgðaraðila	Verkefnastjóri
Banki	0334
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	011616

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Snorraverkefnið

Verkefnið í hnotskurn

Verkefnið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18 - 28 ára af íslenskum ættum frá Kanada og Bandaríkjunum.

Verkefnislýsing

Verkefnið stendur yfir í 6 vikur á sumri hverju og skiptist í þrjú hluta: I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá þar sem þátttakendur fá tækifæri til að kynnast ungum Íslendingum og öðrum ungum Norðurlandarbúum (Nordjobb). II. Dvöl í þrjú vikur í heimabyggð forfeðra/-mæðra. Allir dvelja hjá ættingjum og taka þátt í starfsþjálfun hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi á svæðinu. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt. Yfirleitt dvelja einhverjir í Reykjavík. III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gist er í svefnpökaplássu. Snorraverkefnið er gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju. Flestir snúa aftur og koma með vini og ættingja og þannig rúllar boltinn áfram. Sótt er sérstaklega um styrk til dagskrárinnar í Reykjavík enda dvelja allir hér og hefur höfuðborgin sterkt aðdráttarafl og hingað vilja allir koma aftur.

Sótt er um verkefni á sviði Menningarmála

Markmið

Markmið Snorraverkefnisins er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland. Verkefnið er hvatning til ungra Vestur-Íslendinga um að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn í fjölþjóðlegu samfélagi Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku, efla samskiptin við Ísland og Íslendinga og styrkja tengslin við önnur íslensk samfélög utan

Íslands. Upphaflegt markmið verkefnisins var einnig að gera skiptin gagnkvæm og sendum við Íslensk ungmenni út á hverju sumri til þátttöku í Snorra West verkefninu. Þar að auki er tekið á móti hópi 30 ára og eldri sem koma í tengslum við menningarnótt.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Bæði kynin jafnt

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Snorrastjóður hefur jafnrétti ætíð að leiðarljósi í öllu starfinu og er verkefnastjóri m.a. með BA próf í kynjafræði. Snorraverkefnið reynir að höfða til bæði stúlkna og drengja en oftast sækja fleiri stúlkur um og endurspeglar þátttökan það. Þetta er þekkt í menningarskiptaverkefnum sem þessum en við höfum ekki fundið á því skýringu. Við teljum verkefnið ekki höfða til stúlkna frekar og hafa þátttakendur af báðum kynjum notið þess jafn mikið. Árið 2016 var skiptingin nokkuð jöfn. Þátttakendur taka þátt í starfsþjálfun á meðan dvölinni stendur og er passað upp á að setja þá ekki inn í típísk karla- eða kvennastörf eftir kyni, og má nefna sem dæmi að stúlkur hafa verið settar í röraverksmiðju og skurðgröfun og strákar í leikskóla- og umönnunarstörf. Þetta hefur reynst mjög vel og allir hlötið góða upplifun. Einungis einn starfsmaður vinnur að verkefninu og er hann í augnablikinu kvenkyns.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Snorraverkefnið fellur mjög vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefnið stendur þeim til boða sem hafa náð sjálfræðisaldri, eða 18-28 ára, og eru afkomendur Vestur-Íslendinga eða annarra sem flust hafa búferlum til Norður-Ameríku. Vegna sögulegrar tengingar og áherslu á ættartengsl hefur öðrum ekki verið boðið að taka þátt enda myndi verkefnið missa sérstöðu sína og þyrfti þá að vera af öðrum toga. Efri mörkin hafa verið sveigjanleg en boðið er upp á annað verkefni, Snorri Plus, fyrir þá sem komnir eru yfir þrítugt (hér geta líka makar og aðrir sem ekki eru af íslenskum ættum sótt um). Enginn sem sótt hefur um hefur verið með alvarlega fötlun en sumir hafa verið að komast yfir alvarleg veikindi eða slys og aldrei hafnað af þeim sökum. Þátttakendur hafa í flestum tilfellum blandast öðrum þjóðarbrotum og fögnum við því. Einnig hafa þónokkrir Mormónar af íslenskum ættum tekið þátt og nokkrir Gyðingar. Kynhneigð er eitthvað sem skiptir engu máli og höfum við haft samkynhneigða einstaklinga í gegnum árin. Taka má fram að við biðjum ekki um mynd með umsókn og förum því alls ekki eftir útliti við val umsækjanda. Einnig gerum við ekki þá kröfu að unga fólk sé í námi eða hafi lokið ákveðinni menntun. Þannig fá t.d. þeir sem ekki hafa haft efni á því að fara í nám eða eru verkmenntaðir, tækifæri til að taka þátt í verkefninu til jafns við aðra.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Snorraverkefnið er afar þekkt meðal Vestur-Íslendinga og er talið eitt það markverðasta framtak til eflingu samskipta Íslands við Norður-Ameríku til framtíðar. Einkum er mikilvægt að virkja yngri kynslóðina til þess að sambandið deyi ekki út, enda hefur átt sér stað mikil endurnýjun í Íslendingasamfélaginu vestanhafs með tilkomu verkefnisins. Einnig hafa margir snúið aftur til að stunda hér nám og eru nokkrir búsettir hér núna vegna þess. Það er mikils virði fyrir íslenska menningu og samfélag að þessi mikilvægi menningararfur okkar glattist ekki, heldur sé ljóslifandi í ungu fólki beggja vegna Atlantsála. Að halda Snorraverkefninu lifandi er ekki einungis mikilvægt og gefandi fyrir þann einstakling sem tekur þátt heldur einnig það samfélag sem í hlut á, eða í þessu tilfalli Reykjavíkurborg. Okkur ber skylda til að viðhalda tengslum við „okkar“ fólk og Snorraverkefnið er afar árangursrík leið til að tengja fólk saman og efla ímynd Íslands í Vesturheimi.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Umsókarfrestur rennur út 14. janúar 2017 og verða 14-16 ungmenni valin til þátttöku í byrjun febrúar. Þá hefst undirbúningur dagskrár, ættfræðivinnsla og fleira. Hér eru svo helstu dagsetningar: 11. júní 2017 - Snorra-þátttakendur koma til landsins og hefja tungumálanám og skemmtilega dagskrá í Reykjavík til 23. júní. 26. júní - Þátttakendur dvelja hjá ættingjum í þrjár vikur og taka þátt í starfsþjálfun. 13. júlí - Þátttakendur koma aftur til Reykjavíkur og dvelja eina nótt. 14. júlí - Landkynningarferð hefst. 20. júlí - Þátttakendur fara aftur til síns heima og bera út boðskapinn. Lok júní 2017 í 4 vikur: Snorri West þátttakendur fara til Utah, Alberta og Saskatchewan 16.- 31. ágúst 2017: Snorri Plus hópurinn er á landinu. September - desember: Frágangur verkefna, kynningarstarf, frí verkefnastjóra o.fl.

Verkbættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Laun og launatengd gjöld	800000

Skrifstofukostnaður	1400000
Sími, prentun, heimasíða o.fl.	350000
Kynningarstarf og ýmiss ferðakostnaður	700000
Fargjöld þátttakanda	1500000
Gisting í Reykjavík	1600000
Landkynningarferð	1600000
Ættfræði, útskrift o.fl.	290000
Dagpeningar og akstur	400000
Bókhald, bankakostnaður og annað	280000
-	-

Samtals 16.120.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
Mennta-og menningarmálaráðuneyti	3000000
Framlög þátttakenda/Íslendingafélaga í Vesturheimi	8500000
Tekjur af Snorra Plus	800000

Samtals 12.300.000

Upphæð sem sótt er um: 300000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	300000
Eimskip	500000
Icelandic Roots	200000
Jysk (Rúmfatalagerinn í Kanada)	200000
Icelandic National League of North America	200000

Samtals
1.400.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Sveitarfélög á landsbyggðinni (vegna starfsþjálfunar)	800000
Fyrirtæki á landsbyggðinni	600000
Önnur fyrirtæki (í vinnslu)	1020000

Samtals 2.420.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Já, í einhver skipti þegar beðið var um að tekið yrði á móti einum þátttakenda í starfsþjálfun. Nú er sótt um styrk sérstaklega, líkt og 2013, til að standa straum að kostnaði við menningardagskrá 2017.

**Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði ? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna?**

Já. Þá hefur sérstaklega verið sótt um styrk vegna starfsþjálfunartímabils ákveðinna þátttakenda og fengist 100.000 kr. í hvert sinn eftirtalin ár: 2002-2003 & 2006-2008. Síðast var sótt um 200.000 þúsund króna styrk vegna menningardagskrár og fékkst hann. Ekki hefur verið sótt um aftur fyrr en nú.

**Annað sem
umsækjandi vill taka
fram**

Umsækjandi vill sækja sérstaklega um framlag í íslenskukennslu þátttakenda en kenndir eru 20 afar krefjandi tímar og keypt bókin Learning Icelandic. Kostnaður við þennan hluta eru einmitt 300 þúsund krónur. Þessi hluti verkefnisins er sérstaklega mikilvægur og nemendur eru hvattir til að halda áfram að læra sjálfir og margir gera það. Þess má geta að a.m.k. 10 Snórrar eru altalandi á íslensku eftir að hafa tekið þátt í verkefninu.

THE SNORRI FOUNDATION



STIKLUR ÚR STARFI ÁRSINS 2015 OG ÞÁTTTAKENDUR 2016

Snorraverkefnið hefur frá upphafi verið samstarfsverkefni Norræna félagsins (NF) og Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) á Íslandi. *Snorrasjóður*, sjálfseignarstofnun, var stofnaður árið 2002. Stjórn hans er kosin til tveggja ára í senn, síðast í desember 2014 og þar sitja: Halldór Árnason, formaður (sameiginlegur fulltrúi), Úlfur Sigurmundsson (aðalmaður NF), Eydís Egilsdóttir (aðalmaður ÞFÍ), Ásdís Eva Hannesdóttir (varam. NF), Ástrós Signýjardóttir (varam. ÞFÍ) og Gísli Rúnar Gíslason (fulltrúi Snorri Alumni).

THE SNORRI PROGRAM



1.



Alls býður verkefnið árlega 12-16 ungmennum á aldrinum 18-28 ára til þátttöku í 6 vikna dagskrá sem skiptist í tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík, þriggja vikna dvöl hjá ættingjum á landsbyggðinni ásamt starfþjálfun og viku landkynningarferð. Sumarið 2015 komu 16 ungmenni til Íslands á vegum verkefnisins.

Tuttugu og tvær umsóknir bárust fyrir árið 2015 og var 16 boðið að taka þátt.

2015-Snorrar í Esjugöngu

Allar umsóknirnar voru frambærilegar og var valið því einstaklega erfitt. 16 þátttakendum hefur verið boðið að taka þátt sumarið 2016 og voru þeir valdir úr hópi 27 umsækjenda. Þátttakendur dvöldu allir hjá ættingjum og dreifðust um landsbyggðina. Lokaverkefni þeirra voru fjölbreytt og allt í senn fyndin, hjartnæm ásamt því að lýsa djúpstæðri reynslu.

Undirritaður var nýr samningur til þriggja ára við mennta- og menningarmálaráðuneyti upp á 3 milljónir króna á ári. Aðrir aðalstyrktaraðilar eru Landsbankinn, Síminn, Eimskip, Icelandair og Jysk (Rúmfatalagerinn í Kanada). Ýmis sveitarfélög og fyrirtæki veita smærri framlög og taka á móti þátttakendum í starfþjálfun. Þáttökugjöld voru hækkuð nokkuð í Kanadadölum í byrjun árs 2015 en þau hafa ekki verið hækkuð síðan árið 2008.

Verkefnið hefur mikið samfélagslegt gildi og hefur áhrif á líf tuga fólks á ári hverju.

Heildarþátttakendafjöldi Snorraverkefnisins 1999-2016: **288**

SNORRI PLUS



2.

Snorri-plús er fyrir fólk af íslenskum ættum frá Norður-Ameríku sem er fyrir 30 ára og eldri, maka þeirra og vini. Verkefnið hentar jafnt þeim sem aldrei hafa komið áður til landsins og þeim sem komið oft. Lögð er mikil áhersla á tengingu við ættingja, menningu Íslands og tengsl við atvinnulífið og sérstök áhugamál fyrir þá sem þessa óska. Dvalið er í Reykjavík í eina viku og úti á landi hina vikuna. Allur kostnaður við verkefnið greiðist af þátttökugjöldum.

Þátttakendur árið 2015 voru 15 og 2016 verða þeir 19.

✓ Heildarþátttakendafjöldi SP 2003-2016: **178**



Plúsarar í Reykjavíkurmaraþoninu

SNORRI WEST



3.



Snorri West er tækifæri fyrir unga Íslendinga á aldrinum 18 – 28 ára til að taka þátt í fjögurra vikna dagskrá í Norður-Ameríku. Verkefnið var tekið yfir af the Icelandic National League í Vesturheimi árið 2012 og hefur verið rekið í samvinnu við Íslendingafélög á mismunandi stöðum síðan. Verkefnið er kynnt af verkefnisstjóra Snorraverknefisins en styrkt af aðilum vestanhafs og Icelandair.

Árið 2015 var ferðast til vesturstrandar

Kanada og Bandaríkjana. 22 ungmenni sóttu um en fjögur þeirra fengu tækifæri til að fara. Í ár verður ferðast á Íslendingaslóðir í Minnesota, Norður-Dakóta og Manitoba. Fjögur ungmenni fara vestur um af en 10 sóttu um að þessu sinni.

✓ Heildarþátttakendafjöldi Snorra West 2001-2016: **ca. 95**

4. Snorri Alumni Internship

Snorrasjóður, í samstarfi við Þjóðræknisfélag Íslendinga, Vesturfarasetrið á Hofsósi, Kanadíska sendiráðið, Bandaríska sendiráðið og Icelandair, stóð fyrir verkefninu Snorri Alumni Internship í fyrsta sinn sumarið 2015. Verkefnið byggðist á því að gefa tveimur fyrrum Snorrum kost á dvöl hér á landi frá byrjun júní til síðla ágúst. Auglýst var eftir umsóknum um þátttöku og urðu Natalie Guttormsson, frá Toronto í Kanada og Morgan Ann Czaja frá New Jersey í Bandaríkjunum fyrir valinu, báðar þátttakendur frá 2014. Að lokinni vikudvöl í Reykjavík þar sem unnið var verkefni fyrir sendiráðin fóru þær norður þar sem þær unnu sem sjálfboðaliðar á Vesturfarasetrinu á Hofsós í tíu vikur. Þessi tilraun heppnaðist afar vel og mikill áhugi fyrir því að gera þetta að árlegum viðburði. Í ár bárust 11 umsóknir og valdar hafa verið: Mallory Swanson frá St. Paul, Minnesota (Snorri 2011) og Erica Drake frá Calgary (Snorri 2015).